

SÓLRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

ÞITT VAL – ÞÍN LEIÐ NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF FYRIR SJÓMENN



Sólrún Bergþórsdóttir

Ráðgjafarverkefnið ÞITT VAL – ÞÍN LEIÐ, náms- og starfsráðgjöf á vinnustað hefur verið í gangi frá árinu 2006. Náms- og starfsráðgjafar á símenntunarmiðstöðvum um land allt hafa farið á vinnustaði og boðið upp á ráðgjöf um nám og störf. Nokkuð vel hefur gengið að ná til fólks en þó hefur einn hópur skorið sig úr hvað þetta varðar. Erfitt hefur reynst að ná til sjómanna og má segja að sá hópur hafi nokkurn veginn verið utan þessa verkefnis. Ástæður þessa má rekja að hluta til þess hve óaðgengilegur vinnustaður þeirra er. Ljóst var því að beita þyrfti öðrum aðferðum til að ná til sjómanna.

RÁÐGJAFAR- KYNNING UM BORÐ Í BÁTINN

Í upphafi árs 2009 hóf ég vinnu að mynddiski þar sem náms- og starfsráðgjöf á vinnustað er kynnt sjómönnum. Diskurinn fékk nafnið *Þitt val – Þín leið, náms- og starfsráðgjöf fyrir sjómenn* og lauk vinnu við hann í apríl 2010. Hugmyndin að baki þessu var sú að með því að færa kynninguna á vinnustað sjómanna, þar sem þeir gætu horft á hana í ró og næði, myndu líkur aukast á því að þeir nýttu sér þessa þjónustu. Fræðslusjóður sjómanna, Sjómennt, styrkti gerð þessa verkefnis ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, LÍÚ og Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

MARKMIÐ VERKEFNISINS

Tilgangur kynningarinnar er margþættur. Vakin er athygli sjómanna á þeirri náms- og starfsráðgjöf sem þeim stendur til boða án endurgjalds á öllum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum landsins. Bæði er farið yfir hlutverk náms- og starfsráðgjafa og þá þjónustu sem þeir veita. Einnig eru upplýsingar veittar um staðsetningu símenntunarmiðstöðva um landið þannig að sjómenn ættu að geta pantað ráðgjöf þar sem þeir landa hverju sinni.

Í kynningunni eru sjómenn hvattir til þess að huga að sínum starfsferli og skoða námsmöguleika því miklar breytingar hafa orðið í sjómennskunni í gegnum tíðina. Bátarnir hafa sífellt orðið stærri og tæknivæddari og hefur það leitt af sér að kröfur til sjómanna hvað varðar þekkingu og færni hafa aukist stöðugt. Menn þurfa því í auknum mæli að huga

að því að viðhalda kunnáttu sinni og réttindum til þess að halda stöðu sinni á sjó.

Á disknum er jafnframt vakin athygli á að möguleikar til náms eru margvíslegir í dag. Í starfi mínu sem náms- og starfsráðgjafi hjá Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hef ég orðið ápreifanlega vör við að sjómenn eru ekki mjög meðvitaðir um þá námsmöguleika sem eru í boði í dag. Margir virðast ekki gera sér grein fyrir að það sé mögulegt að stunda nám með sjómannsstarfi og að í boði séu ýmiss konar námsstyrkir. Vinnufyrirkomulag á meðal sjómanna á vissulega sinn þátt í þessu. Algengt er í dag að túrar séu langir þar sem einangrun getur orðið mikil því ekki er hægt að vera í net- og símasambandi á öllum miðum. Löndunarstopp eru mjög stutt og frí oft á nokkurra vikna eða mánaða fresti. Þetta leiðir af sér að sjómenn hafa oft takmarkaða yfirsýn yfir það sem er í gangi í landi. Í kynningunni eru viðtöl við sjómenn sem hafa farið í nám samhliða störfum sínum. Þar segja þeir frá sínum kringumstæðum, hvernig námið hafi gengið og stöðu sinni í dag. Einnig er fræðslusjóður sjómanna, Sjómennt, kynntur.

Að auki er viðtalið við sjómann sem varð að hætta störfum á sjó vegna veikinda. Starfsaðstæður sjómanna í dag eru vissulega mun betri en áður fyrr. Samt sem áður er þetta erfiðisvinna sem getur haft ákveðnar hættur í för með sér. Þegar menn hafa neyðst til að fara í land vegna slysa eða veikinda hafa margir lent í vanda í atvinnuleit sinni því að færni þeirra og reynsla af sjónum er oftar en ekki vanmetin. Í þessu viðtali segir sjómaðurinn frá erfiðleikum við atvinnuleit í landi og þeim lausnum sem hann fann.

FRAMKVÆMD VERKEFNISINS

Mynddisknum á að dreifa í alla stærri báta og togara á landinu og fer dreifingin nú fram. Símenntunarmiðstöðvar um land allt hafa tekið það að sér og er ýmsum aðferðum beitt til þess. Sumir nýttu sjómannadagshelgina í vor til þess að kynna mynddiskinn bæði með greinum í hina ýmsu miðla og einnig með kynningum á fundum. Aðrir munu nýta haustið til þess að koma disknum á framfæri. Einnig hafa eintök verið send til allra verkalyðs- og sjómannafélaga á landinu. Áhersla er lögð á að tryggja að mynddiskurinn verði sýndur um borð og verða því útgerðarmenn bátanna virkjaðir í verkefnið. Að auki er stefnt að því að bjóða sjómönnum á smærri bátum á kynningu í landi en svigrúm til þess ætti að vera nokkuð þar sem þeir fara almennt í styttri túra. Vefútgáfa kynningarinnar er nú tilbúin og geta áhugasamir horft á hana á vefsíðu Visku á <http://viskave.is/>.

LOKAORÐ

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað er að skapa sér mikilvægan sess í fullorðinsfræðslu á Íslandi. Í því verkefni er lögð áhersla á að mæta fólki í sínu daglega lífi og er mynddiskurinn ein tilraun til þess. Ánægjulegt er hve jákvæðar viðtökur þetta verkefni hefur fengið á meðal fræðslu- og hagsmunaaðila. Árangurinn á hins vegar eftir að koma í ljós. Tryggja þarf að kynningin verði sýnd um borð. Eftirfylgni er því mikilvæg sem og yfirsýn yfir hve margir skila sér í ráðgjöf. Það verkefni er í höndum símenntunarmiðstöðvanna og verður spennandi að sjá hvað setur.

UM HÖFUNDINN

Sólrún Bergþórsdóttir er með BA-próf í ensku frá HÍ auk kennsluréttinda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, diplómaprófs í náms- og starfsráðgjöf. Hún er nú að ljúka mastersnámi í náms- og starfsráðgjöf. Hún hefur 17 ára reynslu í kennslu og stjórnun og starfar nú sem náms- og starfsráðgjafi í Visku – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og í Framhaldsskóla Vestmannaeyja.



Tæknin gerir sjómönnum kleift að stunda nám samhliða sínu starfi. (Ljós. Alexandra Sharon Róbertsdóttir)

ABSTRACT

The counselling project Your Choice – Your Way, study and vocational counselling at the workplace has been run since 2006. Study and vocational counsellors from the continuing education centres throughout the country have been going to workplaces offering counselling on studies and jobs. Although there has been some success in reaching people, one group has been different from all others. It has been difficult to approach sailors, and this group has been more or less outside the sphere of this project. The reasons are partly how inaccessible their workplace is. It was therefore obvious that different means had to be applied to reach sailors.